

1. Hver er heildarkostnaður við viðbyggingu íþróttahúss miðað við upphaflega áætlun?

Svar: Raun framkvæmdakostnaður liggur fyrir og er hann 189.663.267 kr. Eftir að tilboð lágu fyrir þá var heildarkostnaðaráætlun 180.905.908 kr. Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs til nánari sundurliðunar.

2. Móttökuáætlun nýrra íbúa sveitarfélagsins. Fulltrúar Á-lista fagna því að móttökuáætlun nýrra íbúa sé nú loksins aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins á rafrænu formi, rúmum 5 árum eftir að tillaga Á-lista þess efnis var samþykkt samhljóða. Hver er hugmynd að framsetningu móttökuáætlunar? Er áformað að prenta út bækling eða hafa efnið einungis á rafrænu formi?

Svar: Kominn er upp síðan "Ert þú að flytja í sveitarfélagið?" á heimasíðu sveitarfélagsins. Þar er einnig aðgengilegur nýbúabæklingurinn. Nýbúabæklingurinn verður aðeins rafrænn en nýir íbúar fá til sín einblöðung þar sem þeir eru boðnir velkomnir. Móttökuáætlun nýbúa er eftirfarandi:

1. Nýr íbúi flytur lögheimili sitt í sveitarfélagið.
2. Aðra hvora viku er staðan tekin á nýjum íbúum.
3. Prentaður er út út miði með nafni viðkomandi og límdur á einblöðunginn.
4. Einblöðungurinn sendur til viðkomandi. Einblöðungurinn verður til á íslensku og ensku. Síðan "Ert þú að flytja í sveitarfélagið?" er eingöngu á íslensku þó með þýðingar möguleikanum sem er á heimasíðunni.

3. Hver er ástæðan fyrir því að upptaka síðasta sveitarstjórnarfundar var birt 13 dögum eftir fund eða þann 21. október, en fundurinn var haldinn 8. október 2020?

Svar: Upptakan mun hafa farið á sinn stað sjö virkum dögum eftir fund. Starfsmaður sem heldur utan um verkefnið fór í leyfi vegna veikinda en um leið og það uppgötvaðist að upptakan hafði ekki farið inn á netið var brugðist við og hún sett inn.

4. Vindmyllur í Þykkvabæ - hver er staðan? Er búið að fara fram á eða sækja leyfi um niðurrif vindmyllu sem eyðilagðist í bruna og hver ber ábyrgð á vindmyllunum í dag?

Svar: Haft hefur verið samband við skráða eigendur og óskað eftir upplýsingum. Jafnframt hefur eigendum verið bent á að standi ekki til að koma myllunum í nothæft stand þá sé nauðsynlegt að fjarlægja þær. Eigendur hafa ekki sótt um leyfi til endurnýjunar eða niðurrifs þrátt fyrir umleitanir sveitarstjóra og byggingarfulltrúa um að svo verði gert. Þinglýstur eigandi skv. þjóðskrá og ábyrgðaraðili er Elýsa ehf.

5. Árshátíð starfsfólks sveitarfélagsins var felld niður í vor vegna heimsfaraldurs, var eitthvað gert fyrir starfsfólk í staðinn?

Svar: Stefnt er að því að efna til veglegrar COVID-loka árshátíðar starfsmanna um leið og hægt er á nýju ári og gert ráð fyrir fjármunum til þess á fjárhagsáætlun næsta árs.